

Efni: Skógarás 2. Umsögn um stækkun lóðar.

Þann 15.7. sl. sækir Guðný S. Gísladóttir um stækkun lóðar við Skógarás 2. Með umsókninni fylgir greinagerð og deiliskipulagsuppráttur er sýnir fyrirhugaðar breytingar. Umbeðið land hefur verið í umsjón eigenda við Skógarás 2 sem land í fóstur undanfarin ár. Stækkunin sem nú er óskað eftir nemur 100,9m² og fellur ágætlega að heildar skipulagi götunnar.



Skjáskot er sýnir fyrirhugaða lóðarstækkun

Mælt er með að erindið verði samþykkt.

Þar sem lóðarstækkunin er ekki í samræmi við deiliskipulag skal sækja sérstaklega um deiliskipulagsbreytingu, að því gefnu að bæjarstjórn samþykki ofangreint erindi um lóðarstækkun. Allur kostnaður vegna slíkra breytinga fellur á þann sem eftir henni óskar.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt